

Alþingi
Erindi nr. P 141/566
komudagur 15.11.2012

Reykjavík, 15.11.2012

Umsögn Bandalags sjálfstæðra leikhúsa - SL
um þingskjal 196. mál. - þingsályktun um menningarstefnu
(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Stjórn Bandalags sjálfstæðra leikhúsa - SL fagnar því að tillaga til þingsályktunar um menningarstefnu sé nú lögð fram á Alþingi. Það er löngu tímabært að þeir sem starfa í menningarmálum á Íslandi fái að sjá hver stefna stjórnvalda er í stað þess að liggja yfir fjárlögum hvers árs og reyna að sjá út með ítarlegri rannsóknarvinnu hvert skal halda næsta árið og hvar áherslurnar liggja.

Margt er vel framsett og löngu tímabært að sé fært til bókar í þessari nýju menningarstefnu og því ber að fagna. SL telur þó að ofuáhersla sé lögð á menningarstofnanir en minna fer fyrir mikilvægi sjálfstæðra listamanna sem fyrirfinnast í öllum listgreinum. SL furðar sig jafnframt á því að menningarstefnan hafi ekki verið sett í opið kynningarferli líkt og gert var við ný sviðslistalög áður en þau voru lögð fram á Alþingi.

Nágrannaþjóðir okkar sem hafa verið með opinbera menningarstefnu til fjölda ára, hafa hin síðari ár verið að færa áherslu sínar af stofnunum og skilgreina betur og auka stuðning við starfsemi sjálfstætt starfandi listafólks. Það er margt í okkar umhverfi sem kallar á að slíkt hið sama sé viðhaft hér á landi s.s. frjálst flæði listsköpunar á veraldarvefnum, betra aðgengi að alþjóðlegu fjármagni o.s.frv.

Í nýlegri skýrslu ESB er talað um að hagvöxtur framtíðarinnar sé falinn í aukinni fjárfestingu hins opinbera í skapandi greinum og er hvatt til að lönd sambandsins auki við stuðning greinarinnar. Eitt af þeim atriðum sem bent er á í þeirri skýrslu er að ný störf fyrir ungt fólk sé aðallega að finna í skapandi greinum en nú hefur atvinnuleysi meðal ungs fólks aukist mikið í Evrópu. Það er því ljóst að ef ekki er horft lengra til framtíðar í þessari menningarstefnu og hlutverk sjálfstæðrar listsköpunar verði gert jafnhátt undir höfði og stofnana þá sé verið að samþykka úrelt plagg fortíðar. Hlutverk stofnana er fyrst og fremst að veita öllum landsmönnum auðveldan og niðurgreiddan aðgang að listum og menningu en takmörkuð áhersla hefur verið lögð á að sinna útrás og nýsköpun undanfarin ár nema ef vera skyldi í samstarfi við sjálfstæða leikhópa. Í dag fer um 80% af öllu fjármagni sem sett er í skapandi sviðslistir til stofnana. Miðað við menningarstefnuna eigum við ekki von á að það hlutfall breytist ef reglugerðin fer óbreytt í gegn. Ef það er vilji stjórnvalda að efla skapandi greinar eins og kemur fram í nýrri fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 2013-2015 þá verður þessi menningarstefna að teljast heldur íhaldssöm og stofnanavæn og ekki samkvæm þeirri framtíðarsýn sem vænta mætti í gegnum annars ágæta fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki oft sem minnst er á grasrót eða nýsköpun í þessari menningarstefnu en það má gera ráð fyrir að flestir listamenn sem fyrirfinnast bæði sem sjálfstæðir listamenn eða þeir sem starfa hjá stofnunum séu sprotnir upp úr grasrótinni. Það væri eðlilegt að í menningarstefnunni væri grasrótinni gert hærra undir höfði sem og öllum þeim sjálfstætt starfandi listamönnum sem starfa hér á landi. Það er því nauðsynlegt að viðurkenning

stjórnvalda á mikilvægi sjálfstæðrar listsköpunar komi fram í menningarstefnunni og að henni sé sköpuð viðunandi starfsskilyrði.

Okkur finnst einnig mikilvægt að það sé fjarlæggt úr menningarstefnunni krafan um samstarf stofnana við sjálfstætt starfandi listamenn og hópa. Reynslan af slíku í sviðslistum er ekki góð og hefur farið versnandi undanfarin ár. Sjálfstætt starfandi listamenn og hópar þurfa ekki að komast undir verndarvæng stofnanna til að búa til list sína. Ef stofnanir vilja eiga samstarf við þá sem hafa starfað að nýsköpun og tilheyrt grasrótinni verður viðkomandi stofnun að bera ábyrgð á ráðningu og starfsemi viðkomandi. Með því að kalla þetta samstarf er verið að firra stofnanir ábyrgð og bjóða upp á að ekki sé t.d. fylgt kjarasamningum. Reynslan af slíku samstarfi sviðslista stofnana og sjálfstæðra hópa í Finnlandi segir sína sögu. Í kringum 1990 var öllum sviðslistastofnunum sem hlutu styrk frá ríkinu skylt að opna dyr sínar fyrir a.m.k einum sjálfstæðum hóp vegna kreppunnar. Þegar svo fjármagn jókst aftur til þessara stofnana var það fyrsta sem gerðist að hópunum var hent út. Í millitíðinni hafði fullt af sjálfstæðum sýningarstöðum lokað, listafókið orðið vant þjónustunni sem veitt er í stofnunum og frjálsir sviðslistahópar þurrkuðust nánast út í nokkur ár.

SL hefur bent á þetta áður en þróunin í dag er sú að meira en helmingur af öllum sýningum Borgarleikhússins eru undir formerkjum samstarfs við sjálfstæða hópa og slíkt hefur aukist verulega í Þjóðleikhúsinu sl. 5 ár. Þessar stofnanir hafa undanfarin ár skreytt sig með fjöðrum sjálfstæðra sviðslistamanna og hópa m.a. þegar kemur að Grímuverðlaunum/tilnefningum, áhorfendatölum og sýningum á hátíðum erlendis en á sama tíma tekið enga ábyrgð ef ekki hefur tekst eins vel til. Inn í þessum stofnunum eru listamenn hópanna að starfa nær launalaust við hlið annarra sem ráðnir eru á fullum launum af stofnuninni. Hópar hafa sóst eftir þessu samstarfi vegna þess að þessar stofnanir hafa getað í krafti „ókeypis“ húsnæðis sem oft á tíðum er eina framlag stofnunarinnar til verkefnisins.

Hingað til hefur nýsköpun í sviðslistum og rannsóknir að stórum hluta átt rætur að rekja til sjálfstæðra leik- og danshópa. Sjálfstæðir hópar hafa minni yfirbyggingu heldur en til að mynda Þjóðleikhúsið. Þar af leiðandi eru þeir opnari fyrir sífelldum breytingum sem eiga sér stað í okkar nánasta umhverfi. Sjálfstæðir hópar hafa verið leiðandi í nýrri íslenskri leikritun undanfarin ár. Nánast öll verk sem hlotið hafa stuðning hjá Leiklistaráði undanfarin ár hafa verið ný íslensk leikrit. Jafnframt hafa þessir hópar verið leiðandi í útrás sviðslista og nægir að nefna hópa eins og Vesturport og Shallala í því sambandi. Orðnotkun í þessari menningarstefnu s.s. nýsköpun og grasrót er þvinguð inn í hlutverk stofnana í stað þess að leitast sé við að viðurkenna og skilgreina betur hlutverk þeirra og sjálfstæðri listastarfsemi sé mörkuð framsækin og sjálfstæð stefna, m.a. í anda nýrrar skýrslu sem kynnt var á vegum fjögurra ráðuneyta í október sl. Við mælumst til þess að þingmenn skoði þetta með opnum hug og gangi skrefinu lengra og viðurkenni nauðsyn og hlutverk sjálfstæðrar listastarfsemi og setji það markvissar inn í nýja menningarstefnu mennta og menningarmálaráðaneytisins.

Virðingarfyllst,

Birna Hafstein, formaður SL – Lab Loki
Guðmundur Ingi Þorvaldsson - Fimbulvetur
Arnar Ingvarsson – Norðurpóllinn
Lárus Vilhjálmsson – Gaflaraleikhúsið

Ólafur Darri Ólafsson- Vesturport
Helena Jónsdóttir – Vasaleikhúsið
Stefán Benedikt Vilhelmsson – Frú Norma